

20. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á skrifstofu sveitarstjóra á Hvolsvelli 17. mars 2015 kl. 12.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins.

Ásgeir formaður setti fund, fundargerðir 15. – 19. fundar staðfestar með undirritun. Síðan var gengið til dagskrár.

- Skrifstofubúnaður, tölva, sími o.fl.  
Samþykkt að sveitarfélögin skipti með sér kostnaði vegna kaupa á tölvu, prentara, myndavél og síma fyrir framkvæmdastjóra í sömu hlutföllum og föst framlög sveitarfélaganna til jarðvangsins.
- Bókhald og umsjón með greiðslum jarðvangsins  
Samþykkt að Elísabet Ásta Magnúsdóttir taki að sér bókhaldsþjónustu fyrir jarðvanginn.
- Prócura félagsins ofl.  
Samþykkt að Brynja Davíðsdóttir og Elísabet Ásta Magnúsdóttir verði prókúruhafar jarðvangsins auk Sigurður Sigursveinssonar. Brynja Davíðsdóttir verði framkvæmdastjóri í stað Steingerðar Hreinsdóttur. Nýtt lögheimili félagsins og heimilsfang verði Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli.
- Jarðvangsvikan  
Ákveðið að þema vikunnar taki mið af ári jarðvegsins og verði við það miðað að a.m.k. einn viðburður verði dag hvern í jarðvanginum. Ákveðið að leita samstarfs við Búkollu og Vitann um kynningu á dagskrá vikunnar (auk kynningu á vef sveitarfélaganna og samstarfsaðila).
- Tillögur að uppbyggingu og verndun áfangastaða ofl.  
Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd um þriggja þrepa vernd varðandi áhugaverða staði (geosite) í jarðvanginum og tók m.a. Skógafoss, Steinahelli og Dyrhólaey sem dæmi, svo og Svartafoss í Skaftafelli. Samþykkt að vinna áfram með þessar hugmyndir í samvinnu við sveitarfélögin.  
Framkvæmdastjóri velti upp mögulegri skörun á hlutverki Kötlu jarðvangs og starfa á vegum sveitarfélaganna varðandi skipulagsmál o.fl. Samþykkt að halda sérstakan fund þar sem farið verði yfir þessi mál.  
Þá kynnti framkvæmdastjóri hugmyndir um leiðir til að jarðvangurinn verði öflugri vettvangur samvinnu sveitarfélaganna þriggja.  
Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndafræðina Leave no trace.
- Heimsókn úttektaaðila  
Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis atriði í þessu sambandi; gestastofur o.fl. Mikilvægt að undirbúa vel heimsókn úttektaaðillanna í sumar þannig að vottunin viðhaldist.
- Önnur mál  
Sigurður kynnti drög að ársreikningi 2014. Reikningurinn samþykktur og undirritaður. Eigið fé stofnunarinnar nam í árslok 637.912 kr. skv. efnahagsreikningi.  
Ákveðið að tilnefna Kötlu jarðvang til Landstólþans, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar.
- Heimsókn á skrifstofu jarðvangsins  
Stjórnin lauk fundinum með heimsókn á nýja skrifstofu jarðvangsins.

Stefnt að stjórnarfundum þar sem samstarfsaðilar og tengiliðir jarðvangsins á svæðinu verði boðaðir.  
Stefnt að fundinum í síðustu viku aprílmánaðar.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 14:30